

Alþingi
Erindi nr. P 130/1604
komudagur 31.3.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Frá Félagi ferðapjónustubænda
Marteinn Njálsson, formaður stjórnar
Suður-Bár
350 Grundarfjörður

30.mars 2004

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um búvöruframleiðsluna og stuðning við byggð í sveitum, Þingskjal 168 – 166. mál.

Umsögn:

Undirritaður, fh. Félags ferðapjónustubænda fagnar því að ofangreind þingsályktunartillaga er lögð fram og mun hér í fáum orðum fjalla um einstök atriði er tengjast ferðapjónustubændum.

Félag ferðapjónustabænda er hagsmunafélag 130 bænda er stunda margvíslegan búskap í dreifðum byggðum landsins og hafa yfir að ráða 3500 gistirýmum sem telst um 35% af gistirými utan höfðuborgarsvæðisins. Árið 1980 gerðist félagið formlegur aðili að Bændasamtökum Íslands. Mikil þróun hefur orðið í þessari atvinnugrein frá því á 7. og 8. áratugnum þegar skipulagt markaðsstarf ferðapjónustubænda hófst og er þessi starfsemi bænda einn helsti vaxtarbroddurinn í sveitum landsins og skapar ný störf á svæðum þar sem búvöruframleiðsla hefur verið að dragast saman. Ferðapjónusta bænda hefur því lengi stuðlað að jákvæðri byggðapróun í sveitum landsins.

Búsetutendur grunnstuðningur eins og honum er lýst í ofangreindri þingsályktunartillögu mun breyta virkni stuðnings við landbúnað og búsetu að mati undirritaðs. Þróun atvinnulífs í strjábýli hefur á síðustu áratugum verið á þann veg að búvöruframleiðsla heldur ekki uppi byggð á mörgum svæðum. Samdráttur er í framleiðslugreinum sem veldur því að samfélag og mannlíf hættir að vaxa og þróast á eðlilegan hátt. Það er því nauðsyn að mati undirritaðs að endurskoða búsetustuðning á þann veg að nýta ekki aðeins þau atvinnutækifæri sem tengjast hefðbundnum búgreinum heldur horfa einnig til nýrra búgreina.

Ferðapjónusta bænda er á margan hátt frábrugðin ferðapjónustu í þéttbýli. Um er að ræða margar litlar rekstareiningar þar sem bændurnir eiga fyrirtækin sjálfir en eru ekki bundnir af fjarlægum fjárfestum. Ferðapjónustubændur hafa nær allir fasta búsetu á sínum jörðum og hafa ákveðin tengsl við nánasta umhverfi. Í eðli sínu er Ferðapjónusta bænda græn ferðapjónusta, og á margan hátt sjálfbær þar eð eigendurnir taka tillit til hagsmuna umhverfisins í sínum rekstri og framlegðin verður oftast en ekki eftir í héraði. Út frá starfsemi ferðapjónustubænda verður einnig töluverð veltuáhrif (spinoff) þar sem gestir nýta sér ýmsa þjónustu í nágrenninu, veitingastaði, afþreyingu, söfn, sundlaugar ofl.

Nefnd sú sem lagt er til að verði skipuð til að vera stjórnvöldum og bændasamtökum til samstarfs og ráðuneytis ætti því ekki aðeins að hugsa um hagsmuni allmennt búvöruframleiðenda að mati undirritaðs, heldur einnig líta til atvinnutækifæra í strjábýli landsins er tengjast ferðapjónustu, landgræðslu, skógrækt og landvörslu í víðum skilningi. Landbúnað þarf að skilgreina upp á nýtt og líta á alla notkun og nýtingu lands sem landbúnað.

Virðingarfyllst

Marteinn Njálsson

